

30.03.22 - 15:58

30. mars

Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa móttekin

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda Djúpidalur ehf

Kennitala umsækjanda 440110-0100

Heimilisfang umsækjanda Stórakur 6

Póstnúmer umsækjanda 210

Símanúmer umsækjanda [REDACTED]

Netfang umsækjandakristjan@heitirpottar.is

Er um fjöleignarhús að ræða? Nei

Veldu annað hvort Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsækjandi er í umboði eiganda

Greiðandi

Nafn greiðanda Fiskikóngurinn ehf

Kennitala greiðanda 6604072350

Netfang [greiðanda](mailto:greiðanda@[REDACTED]) [REDACTED]

Svæði og deiliskipulag

Heimilisfang / lóðaheiti Sogavegur 3

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið

Erindið fjallar um Annað

Ef annað, þá hvað? stækkun á lóð

Stutt lýsing á erindi stækkun á lóð

Hefur verið haft samband við veitufyrirtæki? Nei

Fylgigögn

Uppdrættir 10-01 22.3.22.pdf, Sogavegur 3 umsögn skipulagsfulltrúa (003).pdf, 2015-09-2217.tif




Bréf til umsækjanda/hönnuðar Sogavegur 3 umsögn skipulagsfulltrúa (003).pdf

Mæliblað mæliblað.pdf


Hæðarblað hæðarblað.pdf

Næstu skref

Umsóknir eru afgreiddar eins fljótt og hægt er. Við látum þig vita þegar því er lokið.



10-01



Mæliblað 1.810.1

Reykjavík, 1:500

Útrentun þarf ekki að vera í uppgefnum kvarða.

△ Kvöð um bílastæði


Hnitakerfi Reykjavíkur 1951.

NR:	X-hnit	Y-hnit
201	19448.5706	16124.7573
202	19406.3852	16109.0980
203	19411.2575	16095.9731
204	19453.4426	16111.6324

Fjöldi, frágangur og staðsetning bílastæða og innkeyrsla skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir.

Lóðin er tölusett við Sogaveg

Samþykktir sem þetta mæliblað, útgefið 19. 04. 2011, byggir á:
Landupplýsingadeild, Framkvæmda- og eignasvið vinnur þetta mæliblað,
sbr. samþykkt í skipulagsnefnd 11. 07. 1983, í borgaráði þann 12. 07. 1983,
og í byggingamefnd 13. 11. 1986.
Sjá þinglýst skjal nr. A-8832/89, dags. 28. 11. 1986.



Ath.

Upplýsingar um lagnir veitufyrirtækja eru fengnar úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur og eru eingöngu til upplýsinga. Nánari upplýsinga um lagnir skal leita hjá þeim stofnunum sem lagnir geta átt í jörðu.

G=Hæð borgarlands á lóðamörkum
L=Hæð lands við lóðamörk (leiðbeinandi)
Bk=Botnkóti lagna í brunn




FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Mannvirkjaskrifstofa

Sími: 411 1111

Mælt:	Apríl '11	H.H.	Kvarði: 1:500	Hæðarblað Sogavegur 3
Reiknað:				
Teiknað:	Apríl '11	K.A.		Nr: — —
Samb.:				



Reykjavík 02.06.2022

Til skipulagsfulltrúans í Reykjavík.

Óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa til að stækka lóðina, Sogaveg 3, um 303 m², úr 630 m² í 933 m², í samræmi við meðfylgjandi breytingablað og lóðauppdrátt sem eru dagsettir 02.06.2022.

Þessi lóðabreyting er gerð að ósk KJ ARK slf (Kjartan Rafnsson) í samráði við Lilju Grétarsdóttur arkitekt hjá Skipulagsfulltrúa.

Virðingarfyllst:



Landupplýsingardeild

Umhverfis- og skipulagssvið

USK Skipulag

Frá: Guðrún Högnadóttir [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 14:56
Til: USK Skipulag
Efni: Sogavegur 3 - grenndarkynning

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan dag

Hefur fyrirtækið leyfi frá borginni til þess að vera með fiskvinnslu í húsinu? Það er gríðarlegt ónæði og ólykt sem fylgir starfsseminni í húsinu og við stækkun lóðarinnar er það ekki fara að minnka neitt.

Flutningabílar og lyftarar mæta eldsnemma á morgnanna með tilheyrandi hávaða ásamt því að þá byrja suðandi flökunarvélar í kjölfarið.

Einnig fylgir fiskikörunum sem eru fyrir utan í stæðum ólykt og m.v. teikningarnar þá færast þetta nær mínu húsi.

Ég mótmæli hér með stækkun lóðar á Sogavegi 3 á grundvelli þess sem minnst er á hér að ofan.

Kveðja
Guðrún Högnadóttir
[REDACTED]
Akurgerði 8

Reykjavík 18. október 2022

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Ég, undirrituð, er alfarið á móti því að leyft verði að stækka lóðina nr. 3 við Sogaveg samkvæmt uppdrætti K.J.ARK. ehf. Dags. 22. mars 2022 og mæliblaði. Tillagan var lögð fram á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022.

Að mínu mati er starfsemi Fiskikóningsins á lóðinni nú þegar allt of fyrirferðarmikil. Slík starfsemi á ekki heima í almennu íbúðahverfi. Þar er byrjað að vinna eldsnemma á morgnanna, um kl. 6:00, með tilheyrandi hávaða frá lyftara o. fl. Má það? Fiskikerjum er iðulega er staflað upp í háar stæður á planinu fyrir utan. Oft og tíðum liggur fisklykt yfir svæðinu.

Hefur Fiskikóngurinn leyfi til að reka fiskvinnslu á lóðinni?

Hefur Fiskikóngurinn leyfi til að verka eingöngu fisk fyrir verslunina sem er á lóðinni Sogavegur 3 og ef til vill þá sem er rekin undir sama nafni við Höfðabakka?

Hefur verið athugað hvort fiskvinnslan á Sogavegi 3 þjónustar fleiri fiskbúðir og mötuneyti? Ég sé stundum bíla frá öðrum fiskbúðum út um gluggann hjá mér og auglýsingar sem beint er til mötuneyta.

Hafði fyrirtækið, Fiskikóngurinn ehf, leyfi til að steypa stétt utan lóðamarka og nýta það sem bílastæði fyrir bíla fyrirtækisins og plastgeyma undir rusl og stafla þar upp vörubrettum? Fór þessi framkvæmd í grenndarkynningu. Ef já, hvenær var það?

Ef leyft verður að stækka lóðina við Sogaveg 3 ásamt fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum samkvæmt mæliblöðum þá verður frystihúsplan beint á móti húsinu mínu. Mér hugnast það ekki og það mun líklega rýra verðgildi minnar fasteignar. Ég segi nei.

Kveðja,

Rannveig Jónsdóttir,

Akurgerði 4,

108 Reykjavík

USK Skipulag

Frá: Björgvin Jónsson [REDACTED]
Sent: föstudagur, 21. október 2022 21:15
Til: USK Skipulag
Efni: Vegna Sogavegur 3

Til þeirra er málið varðar.

Við húseigendur að Akurgerði 6 Elín Sumarrós Davíðsdóttir [REDACTED] og Björgvin Jónsson [REDACTED] Leggjumst alfarið gegn stækkun lóðar og auknum umsvifum á Sogavegi 3 það er þegar óviðunandi ástand með tilliti til umferðar flutningabíla um miðja nótt og umferðar lyftara með tilheyrandi glamri og skellum á fiskikörum. Þetta er fiskiðjuver en ekki fiskbúð miðað við umsvifin sem ætti ekki að eiga heima í íbúðargötu heldur iðnaðarhverfi.

Með vinsemd og virðingu
Björgvin og Elín

--

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu. This e-mail message and any attachments is for the exclusive use of the intended recipient(s) and may contain confidential information. If you are not the intended recipient, please uphold strict confidentiality and neither read, copy or make use of the content in any way. Furthermore, please notify the sender immediately by replying to this message and delete all copies of the message.

USK Skipulag

Frá: jole [REDACTED]
Sent: mánudagur, 24. október 2022 21:16
Til: USK Skipulag
Efni: Sogavegur 3

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Fiskikóninginum Sogavegi 3 viljum við íbúar Akurgerði 1 koma fram með eftirfarandi athugasemdir:

Smáíbúðahverfið í Reykjavík reis upp um miðja seinustu öld. Það var tími hverfisverslana sem voru nánast á hverju götuhorni þar sem fáir áttu bíl. Þá var einnig mikið um söluturna eða sjoppur sem seldu sælgæti og gosdrykki. Sogavegur 3 var í þá daga byggður sem söluturn og var starfræktur sem slíkur í áratugi eða þar til að nýjir versunarhættir gerðu það að verkum að honum var sjálfhætt. Þá var honum breytt í skyndibitastað sem gekk ekki lengi. Þá keypti Fiskikóngurinn eignina og breytti honum í fiskbúð og fiskverkun.

Síðan Fiskikóngurinn byrjaði hefur byggingin stækkað mikið og sér ekki fyrir endann á því. Allar þessar breytingar hafa miðað að því að stækka fiskverkunina og svo er enn. Flutningabílar koma uppúr fjögur og fimm á morgnana með hráefni sem er affermað á planið og mun sú umferð að sjálfögðu aukast ef leyfi verður veitt til fyrirhugaðrar stækkunar.

Fiskverkunin á Sogavegi 3 vinnur fisk fyrir margar af fiskbúðunum á Reykjavíkursvæðinu og eru umsvifin mikil og eru alltaf að aukast samanber viðloðandi stækkanir á byggingunni undafarin ár.

Það er undarlegt að hægt sé að setja upp fiskverkun í grónu íbúðahverfi í Reykjavík, á stað sem var upphaflega ætlaður fyrir söluturn!

Við erum á móti öllum stækkunum sem leiða til meiri umsvifa í fiskverkuninni.

Jónas Leifsson
Ingi Leifsson

Akurgerði 1, 108-Reykjavík



Efnisatriði bréfa eru í megin atriðum samhljóða og eru eftirfarandi:

Mikið ónæði er frá því snemma á morgnana vegna umferðar og affermingar vöruflutningabíla, lyftara og tækja vegna starfsemi á lóð. Einnig þykir stafa ólykt af fiskikörum á lóð.

Athugasemd er jafnframt frá Veitum um að byggingaráform nái yfir heimalagnir.

Svar: Áform um yfirbyggingu núverandi ports eru gerð í þeim tilgangi að lágmarka hávaða og truflun af umferð og affermingu vöruflutningabíla vegna starfsemi fiskbúðarinnar sem fyrir er á lóð. Gert er ráð fyrir að ástandið batni við fyrirhugaða framkvæmd.

Niðurstaða:

Eingöngu er heimilað að reka fiskbúð á þessari lóð.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt enda áform um yfirbyggingu núverandi ports gerð til þess að lágmarka ólykt og hávaða af umferð og affermingu vöruflutningabíla vegna starfsemi fiskbúðarinnar sem fyrir er á þessari lóð.

Ekki er lagst gegn stækkun kjallarárýmis að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar en bent er á að ekki er hægt að vera með starfsemi þar. Leysa skal flóttaleiðir innan lóðarmarka.

Sbr. ábendingu Veitna er fyrirhuguð bygging staðsett þar sem fyrir eru heimalagnir.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri